

Fjármálamarkaðir og aðgerðir Seðlabankans¹

Vaxtahækkunir og hræringar á mörkuðum

Seðlabanki Íslands hækkaði vexti um 0,5 prósentur í september og aftur í nóvember. Hækkunirnar voru m.a. viðbrögð við versnandi verðbólguhorfum og aukinni neyslugetu í kjölfar breytinga á húsnæðislánamarkaði. Samkeppni í húsnæðislánum tók á sig nýja mynd þegar bankar hófu að bjóða veðlán með betri kjörum en áður. Gengi krónunnar hefur styrkst að undanfögnu af ýmsum ástæðum. Í byrjun árs 2005 hættir Seðlabankinn reglulegum gjaldeyriskaupum til eflingar gjaldeyrisfordanum og mun frá þeim tíma einungis kaupa gjaldeyri í reglulegum viðskiptum til þess að mæta þörfum ríkissjóðs til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum. Lausafjárstaða lánastofnana hefur verið allrúm og vextir banka hafa ekki að fullu fylgt eftir vaxtabreytingum Seðlabankans. Verðtryggðir bankavextir hafa lækkað eftir að bankar kynntu ný húsnæðislán. Hlutabréfaverð lækkaði snarpt í október eftir nær samfelldar hækkunir undanfarin þrjú ár. Ávöxtun á skuldabréfamarkaði hefur verið tiltölulega stöðug.

Seðlabankinn hækkaði vexti í september ...

Samhliða útgáfu *Peningamála* hinn 17. september sl. tilkynnti bankastjórn Seðlabanka Íslands um hækkun stýrivaxta um 0,5 prósentur sem tók gildi 21. september. Ástæður hækkunarinnar voru m.a. vaxandi verðbólguþrýstingur og nauðsyn aukins aðhalds vegna vaxandi stórframkvæmda og þenslu sem fylgja mun þeim. Að auki var vaxtahækkuninni ætlað að vinna á móti slökun á fjármálalegum skilyrðum sem orðið hafði síðustu mánuði, ekki síst vegna hækkandi verðbólguvæntinga.

... og aftur í byrjun nóvember

Hinn 29. október tilkynnti bankastjórn Seðlabankans hækkun stýrivaxta um 0,5 prósentur sem tók gildi 2. nóvember. Þessi hækkun var að hluta til viðbrögð við aukinni neyslugetu í kjölfar nýjunga á húsnæðislánamarkaði. Samkvæmt upplýsingum sem Seðlabankinn hefur aflað er mikil ásókn í nýju lánin. Nokkurt svigrúm hefur myndast vegna lægri vaxta til að minnka greiðslubyrði heimila eða auka skuldsetningu með

óbreyttri greiðslubyrði, sem líklegt er til að auka neyslu. Verðbólga hefur einnig verið yfir markmiði bankans um nokkurra mánaða skeið og hætta er á að verðbólguvæntingar festist í sessi. Einnig var tiltekið í frétt frá bankanum að í ljósi efnahagshorfa væru sterk rök fyrir því að hækka vexti fyrr en síðar þar sem tímanleg hækkun gæti þýtt að ekki þyrfti að hækka vexti jafn mikið síðar.


Vaxtaróf þrengt í áföngum

Frá því að Seðlabankinn hóf að hækka stýrivexti í maí sl. hefur hann þrengt bilið á milli daglánavaxta og vaxta á viðskiptareikningum lánastofnana úr 4,9 prósentum í 4,25 prósentur. Bankinn hyggst þrengja bilið frekar á næstu mánuðum en með því styrkjast m.a. áhrif breytinga á stýrivöxtum bankans og sveiflur í vöxtum á millibankamarkaði minnka. Mynd 1 sýnir þróun stýrivaxta bankans og helstu aðra vexti hans.

Ný útlán banka með veði í íbúðarhúsnæði jukust ...

Frá því að bankar hófu að bjóða húsnæðislán á nýjum kjörum í ágúst sl. hafa þau vaxið ört og námu 55 ma.kr. í lok október. Talsverður hluti þessara lána

1. Í þessari grein eru notaðar upplýsingar sem tiltækar voru þann 19. nóvember 2004.



hefur verið nýttur til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán hjá Íbúðalánasjóði, lífeyrissjóðum og bönkunum sjálfum en einnig virðist sem margir hafi nýtt tækifærið og aukið skuldsetningu sína og varið einhverjum hluta hinna nýju lána til neyslu. Ekki er enn ljóst með hvaða hætti bankarnir hyggjast fjármagna hin nýju lán en ekki mun ganga um langa hríð að fjármagna þau með lausu fé eða skammtíma fjármagni. Talsvert hefur verið greitt upp af húsnæðislánunum sem Íbúðalánasjóður og forverar hans veittu en ekki liggja fyrir opinber gögn um hversu miklar uppgreiðslurnar hafa verið. Íbúðalánasjóður efndi til aukaútdráttar á flokkum húsbrefa í október og nóvember og dró út bréf að markaðsvirði um 14,4 ma.kr. Íbúðalánasjóður bauð einnig endurkaup eldri bréfa á markaði. Sjö tilboð bárust en engu var tekið. Íbúðalánasjóður birti 19. október upplýsingar um hvernig staðið yrði að aukaútdrætti í tilteknum flokkum húsbrefa. Einungis eru dregin út bréf í aukaútdrætti í samræmi við uppgreiðslur lána sem fjármögnuð voru með viðkomandi húsbrefaflokki. Íbúðalánasjóður hefur einnig tilkynnt útgáfu á nýjum flokki íbúðabréfa sem er með lokagjalddaga árið 2014 og er tilgangurinn að auka sveigjanleika sjóðsins í sjóðsstýringu.

... og nýjar viðmiðanir voru teknar upp

Í október hækkaði Íbúðalánasjóður hámarkslán sín úr 9,7 m.kr. í 11,5 m.kr. Þau munu hækka í byrjun næsta árs í 13 m.kr. samkvæmt því sem félagsmálaráðherra hefur greint frá á Alþingi. Í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er kveðið svo á að sjóðnum verði heimilt að veita lán fyrir allt að 90% af kaupverði íbúðar-

húsnæðis. Í nóvember tilkynnti Íslandsbanki að hann byði 100% húsnæðislán að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um tryggingar og lífslíkur. Aðrir bankar fylgdu í kjölfarið en misjafnt er hver skilyrði eru fyrir þessum lánunum. Ljóst er að með þessu eykst áhætta lánanna þar sem hættan á því að eiginfjárstaða verði neikvæð vegna þróunar húsnæðisverðs er mikil þegar láns hlutfall er orðið svo hátt. Í skýrslu sem Seðlabanki Íslands samdi að beiðni félagsmálaráðherra fyrir á þessu ári kom fram að líkurnar á neikvæðri stöðu eigin fjár einhvern tíma á lánstímanum ef keypt er þegar fasteignaverð er tveimur staðalfrávikum yfir langtíma meðalverði (eins og nú er) eru frá 83-98% þegar um 90% lán er að ræða.² Því er nánast fullvist, m.v. langan lánstíma, að þeir tímar koma að eiginfjárstaða verður neikvæð og veðstaða lánveitanda ótryggari en ella. Það þarf ekki að þýða útlánatöp en staða lánveitanda, ef slíkt hendir, verður þó verri fyrir bragðið og hættan á áföllum í fjármálakerfinu vex.

Gengi krónunnar hefur styrkst lítillega ...

Gengi krónunnar sveiflaðist á tiltölulega þröngu bili yfir sumarmánuðina og fram eftir hausti en greina hefur mátt tiltölulega hægfarei leitni til styrkingar. Í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans í byrjun nóvember varð nokkur styrking og seig vísitala gengisskráningar niður fyrir 120, en á árinu hefur hún nokkrum sinnum verið á svipuðum slóðum. Ástæður



2. Efnahagsleg áhrif breytinga á fyrirkomulagi lánsfjármögnunar íbúðarhúsnæðis, dags. 28. júní 2004, birt á heimasíðu Seðlabankans 15. nóvember 2004.

styrkingar að undanfögnu eru m.a. vaxtahækkunar Seðlabankans sem auka vaxtamun við útlönd, hlutfallslega há ávöxtun á skuldabréfamarkaði hérlendis, tilkynningar um meiri framkvæmdir en áður hafði verið búist við, t.d. frekari stækkun Norðuráls, og einnig hafa verið nokkrar hræringar á eignarhaldi stórra fyrirtækja. Seðlabankinn keypti í einum viðskiptavakanna hinn 4. nóvember. Mynd 2 sýnir þróun vísitölu gengisskráningar á þessu ári.

... en gjaldeyriskaup Seðlabankans munu minnka á næsta ári ...

Frá byrjun september 2002 hefur Seðlabanki Íslands reglulega keypt gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði í þeim tilgangi einum að styrkja gjaldeyrisforðann, en erlend staða bankans hafði rýnað verulega vegna inngrípa hans á gjaldeyrismarkaði á árunum 2000 og 2001 og vegna þarfa ríkissjóðs fyrir gjaldeyri vegna greiðslna af erlendum lánum. Frá september 2002 og til næstu áramóta verður heildarfjárhæð gjaldeyriskaupa um 75 ma.kr. og gjaldeyrisforðinn verður að líkindum um 70 ma.kr. um áramótin. Seðlabankinn telur ekki efni til að efla forðann frekar eins og sakir standa. Því hefur verið ákveðið að í byrjun árs 2005 verði hætt reglulegum gjaldeyriskaupum til eflingar gjaldeyrisforða bankans. Frá þeim tíma mun Seðlabankinn aðeins kaupa gjaldeyri á innlendum gjaldeyrismarkaði til að mæta þörfum ríkissjóðs vegna greiðslna af erlendum lánum. Í samræmi við þetta mun bankinn á árinu 2005 kaupa 2,5 milljónir Bandaríkjadala einu sinni í viku á markaði. Seðlabankinn mun kaupa gjaldeyri fyrir hönd ríkissjóðs til að mæta endurgreiðslum á erlendum lánum umfram það sem rúmast innan þessara áforma og mun bankinn tilkynna viðskiptavökum á gjaldeyrismarkaði um tilhögun kaupanna með fyrirvara.


Hlutabréfaverð fell ...

Verð hlutabréfa hér á landi hefur hækkað nokkuð stöðugt frá október 2001 þegar tilkynnt var um fyrirætlanir um lækkun skatta á fyrirtæki. Það, ásamt viðsnúningi efnahagsástands og margvíslegri hagræðingu leiddi til mikillar hækkunar hlutabréfaverðs. Á þessu ári leiddu fjármálafyrirtæki hækkunina og um nokkurt skeið var hækkunin 100% yfir liðna tólf mánuði. Mikil innbyrðis tengsl tiltekinna fyrirtækja höfðu einnig áhrif á verð. Í byrjun þessa árs var

úrvalsvísitala Kauphallarinnar við gildið 2.100 en var rétt undir 4.000 í byrjun október. Um 20. október hófst hins vegar lækkunarhrina sem stóð í 10 viðskiptadaga og lækkaði úrvalsvísitalan um rúmlega 16% á þessu tímabili. Mest varð dagslækkunin 26. október, 4,23%, en þann dag var birt skýrsla Samkeppnisstofnunar um meint verðsamráð olíufélaganna og sektarákvörðun og átti það vafalítið þátt í því hversu snörp þessi hrina varð.

... en rétti síðan nokkuð við

Hlutabréfaverðið tók að hækka á ný 3. nóvember og hækkaði úrvalsvísitalan um samtals 9,5% næstu fjóra viðskiptadaga en flóktir nú við gildið 3.400. Ýmsar jákvæðar fréttir af rekstri fyrirtækja, sókn á erlendan markað og auknar stóriðjuframkvæmdir áttu sjálfsagt sinn þátt í að lækkunin varð ekki meiri. Mynd 3 sýnir þróun úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands frá árinu 1998.





Lausafjárstaða hefur verið rúm

Lausafjárstaða bankanna hefur verið allrúm og tengist það að hluta reglulegum kaupum Seðlabankans á gjaldeyri og breytingu á bindiskyldu sem tók gildi í byrjun ársins. Að stærstum hluta vó þó lækkun endurhverfra viðskipta Seðlabankans á móti áhrifum gjaldeyriskaupanna og lækkunar bindiskyldunnar (sjá rammagrein 1 um áhrif reglubreytinga og markaðsaðgerða Seðlabankans á laust fé). Til að vega upp á móti þessu hefur bankinn boðið innstæðubréf nær vikulega á þessu ári. Eins og sjá má á mynd 4 hefur verið allnokkur eftirspurn eftir þessu viðskiptaformi. Endurhverf viðskipti hafa verið tölverð eins og sjá

má af mynd 5. Miðlun lauss fjár á milli einstakra lánastofnana hefur þó lagast eitthvað og eiga nú einstakir bankar lánaviðskipti sín á milli með sama fyrirkomulagi og Seðlabankinn notar í endurhverfum viðskiptum sínum, þ.e.a.s. lán gegn veði í verðbréfum.

Vextir á krónumarkaði hafa verið undir stýrivöxtum
Mikið lausafé hefur þau áhrif að vextir á millibankamarkaði með krónur eru ekki eins næmir fyrir stýri-

vaxtabreytingum Seðlabankans og ella. Þannig hafa lánastofnanir með rúma lausafjárstöðu takmarkaða þörf fyrir lánafyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum en kjósa heldur innlánsformið, innstæðubréf. Ákjósanlegra væri að lánastofnanir með rúma lausafjárstöðu veittu þeim lánastofnunum sem hafa þörf fyrir lánafyrirgreiðslu og miðluðu þannig lausu fé sín á milli. Afgangsstærðin í kerfinu væri síðan út- eða innlán í Seðlabankanum. Þetta hefur ekki tekist hér á landi, m.a. vegna viðmiðana um áhættumat í innbyrðis



Rammagrein 1 Áhrif reglubreytinga og markaðsaðgerða Seðlabankans á laust fé frá upphafi árs 2003 til októberloka 2004

Hér eru rakin helstu áhrif aðgerða Seðlabankans á laust fé í umferð frá upphafi árs 2003. Skoðaðir eru fjórir þættir, breytingar á bindiskyldu, gjaldeyriskaup, endurhverf verðbréfavíðskipti og útgáfa innstæðubréfa.

Álögð bindiskylda

Í mars og desember árið 2003 voru gerðar breytingar á útreikningi bindiskyldu lánastofnana. Þær leiddu til þess að 23 ma.kr. innstæður lánastofnana losnuðu (8 ma.kr. í mars og 15 ma.kr. í desember árið 2003; sjá *Peningamál* 2004/1). Stækkun efnahagsreikninga lánastofnana leiddi þó til þess að bundið fé lánastofnana jókst á ný. Í lok desember sl. var um 31 ma.kr. innstæður lánastofnana bundinn í Seðlabankanum en í

september 2004 voru þær um 11 ma.kr., þ.e. 20 ma.kr. aukning lauss fjár á tímabilinu.

Gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands


Gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands á tímabilinu janúar 2003 til októberloka 2004 leiddu til þess að laust fé í lánakerfinu jókst um 64 ma.kr. (keyptir voru 4,5 ma.kr. á árinu 2002).

Verg aukning lauss fjár vegna aðgerða Seðlabanka Íslands

Aðgerðir Seðlabankans leiddu því samanlagt til 84 ma.kr. aukningar lauss fjár lánastofnana á þessu tímabili.


Mynd 1

Aukning lauss fjár vegna aðgerða Seðlabanka Íslands 2003-2004



Mynd 2

Minnkun lauss fjár vegna aðgerða Seðlabanka Íslands 2003-2004



Endurhverf verðbréfavíðskipti

Í ársbyrjun 2003 voru um 74 ma.kr. útistandandi í endurhverfum verðbréfavíðskiptum Seðlabankans við lánastofnanir og í lok október 2004 ríflega 28 ma.kr., þ.e. lækkun um 46 ma.kr.

Innstæðubréf

Seðlabankinn hóf reglulega sölu innstæðubréfa í ársbyrjun 2004. Útistandandi fjárhæð innstæðubréfa var um 7 ma.kr. í lok október sl.

Verg minnkun lauss fjár vegna aðgerða Seðlabanka Íslands

Minnkun endurhverfra verðbréfavíðskipta Seðlabankans og sala innstæðubréfa hafa leitt til þess að um 53 ma.kr. af lausu fé hafa runnið til Seðlabankans.


Hrein aukning lauss fjár vegna aðgerða Seðlabanka Íslands

Samkvæmt þessum útreikningum virðist því laust fé í umferð hafa aukist um 31 ma.kr. á tímabilinu frá ársbyrjun 2003 til loka október á þessu ári vegna aðgerða Seðlabankans og breytinga á reglum um bindiskyldu.


Mynd 3

Áhrif breytinga Seðlabanka Íslands á laust fé í umferð 2003-2004

Álögð bindiskylda, endurhverf víðskipti, innstæðubréf og gjaldeyriskaup




viðskiptum lánastofnana. Þar að auki geta tímabundin áhrif bindiskyldu á vexti einnig valdið sveiflum. Viðvarandi frávik gefa hins vegar til kynna að laust fé sé ekki í jafnvægi og því kann að vera þörf á öðrum aðgerðum en nú eru notaðar til að bregðast við. Mynd 6 sýnir þróun vaxta á krónumarkaði í samanburði við stýrivexti Seðlabankans.



Notkun daglána hefur dregist saman

Með rýmri lausafjárstöðu lánastofnana hefur þörf fyrir daglán minnkað verulega. Daglán eru nú að mestu notuð til að loka ófyrirséðum götum sem myndast í greiðsluferfum. Þó kemur einstaka sinnum fyrir að aðilar misreikna stöðu sína og markaðarins og taka of lítið í endurhverfum viðskiptum og þurfa að nota daglán til að bjarga sér tímabundið en þetta er þó fátítt. Notkun daglána er sýnd á mynd 7.



Seðlabankar víða um heim hafa hækkað vexti

Seðlabanki Kanada hækkaði vexti í september og október um 0,25 prósentur í hvort skipti. Seðlabanki Nýja-Sjálands hækkaði sömuleiðis vexti tvisvar um 0,25 prósentur í september og október og Seðlabanki Bandaríkjanna í september og nóvember um 0,25 prósentur hvort sinn. Seðlabanki Sviss hækkaði vaxtaviðmið sitt um 0,25 prósentur í september. Í töflu 1 má sjá hækkun vaxta nokkurra seðlabanka frá áramótum. Gengi evru gagnvart Bandaríkjadal hækkaði allsnarpt um miðjan október eftir að hafa legið um nokkuð langt skeið undir 1,24 og fór nærri 1,3 þar sem það hefur verið síðustu vikur. Frá 26. október 2000, þegar Bandaríkjadalur var sterkastur gagnvart evru, þar til 10. nóvember sl., þegar hann var veikastur, hafði gengi hans gagnvart evru lækkað um 36%.

Vaxtamunur hefur aukist í kjölfar vaxtahækkana Seðlabankans

Í kjölfar vaxtahækkana Seðlabankans hefur vaxtamunur milli Íslands og helstu viðskiptalanda vaxið og er hann nú um 4,9 prósentur mælt með mismun vaxta á millibankamarkaði en var 3,1 prósentur í maíbyrjun. Þessi aukni munur veldur meðal annars ásókn í erlend lán sem ýtir undir frekari styrkingu gengis krónunnar. Ljóst er þó að vextir erlendis hafa verið í sögulegu lágmarki og vaxtahækkunarferli er hafið eins og sjá má glögglega af töflu 1. Seðlabanki Íslands hefur ítrekað bent á þá áhættu sem fylgir lántökum á þessum forsendum, sérstaklega gengisáhættu hjá innlendum aðilum sem ekki hafa tekjur í erlendum gjaldmiðlum

Tafla 1 Stýrivextir nokkurra seðlabanka

%	31. desember 2003	19. nóvember 2004
Seðlabanki Íslands	5,30	7,25
Seðlabanki Ástralíu	5,25	5,25
Seðlabanki Nýja-Sjálands	5,00	6,50
Seðlabanki Englands	3,75	4,75
Seðlabanki Noregs	2,25	1,75
Seðlabanki Svíþjóðar	2,75	2,00
Seðlabanki Kanada	2,75	2,50
Seðlabanki Bandaríkjanna	1,00	2,00
Seðlabanki Evrópu	2,00	2,00

Heimild: Seðlabanki Íslands.

sem mildað gætu áhrif gengisbreytinga. Bankinn ítrekar þessi varnaðarorð og hvetur til varfærni í þessum málum. Einnig má benda á að varnir gegn gengisbreytingum standa innlendum aðilum til boða og þær geta verið skynsamlegur kostur.

Ávöxtun lítið breytt á skuldabréfamarkaði

Ávöxtun íbúðabréfa hefur breyst tiltölulega lítið á síðustu mánuðum. Í kjölfar tilboða bankanna á húsnaðislánum hækkaði ávöxtunarkrafa íbúðabréfanna lítillega en sú hækkun gekk síðan til baka að mestu. Ávöxtun íbúðabréfa með gjalddaga 2024 er

nú 3,58% en ávöxtun bréfa með gjalddaga 2044 er nú 3,67%. Í lok september voru boðin út íbúðabréf fyrir 7 ma.kr. og bárust tilboð í 17 ma.kr. en tekið var tilboðum fyrir 4,9 ma.kr. Ekkert útboð fór fram í lok október vegna rúmrar lausafjárstöðu Íbúðalánasjóðs. Fyrirsjáanlegt er að minna framboð kann að verða á nýjum íbúðabréfum en búist hafði verið við áður en útspil bankanna var kynnt og kann eftirspurn því að aukast eftir þeim bréfum sem eru á markaði. Ávöxtun óverðtryggðra verðbréfa hefur hækkað í nokkru samræmi við aukna verðbólgu og vaxtahækkanir Seðlabankans.

Rammagrein 2 Velta á alþjóðagjaldeyrismörkuðum

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel (Bank for International Settlements) í Sviss hefur frá árinu 1989 kannað veltu á alþjóðagjaldeyrismörkuðum í apríl þriðja hvert ár. Athuguð er velta á hefðbundnum mörkuðum með stundarviðskipti, framvirka samninga og gjaldeyriskiðtasamninga, og frá árinu 1995 einnig velta á tilbodsmörkuðum (OTC, over the counter) með gjaldeyris- og vaxtaafleiðusamninga. Tilgangur könnunar sem þessarar er að fá sem bestar upplýsingar um umfang og uppbyggingu gjaldeyrismarkaða í heiminum. Með auknum upplýsingum er einnig stuðlað að auknu gegnsæi viðskipta og breytinga á mörkuðum. Þátttakendur í könnuninni í ár voru 52 seðlabankar eða önnur stjórnvöld peningamála sem er svipaður fjöldi og síðast, en frá upphafi hefur fjöldi þátttakenda meira en tvöfaldast. Hver um sig metur umfang gjaldeyrisviðskipta í sínu landi. Ísland er ekki þátttakandi í þessari könnun. Hér á landi hefur Seðlabankinn safnað upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti og til eru nákvæmari gögn um gjaldeyrisviðskipti hér á landi en víða annars staðar.

Fyrstu niðurstöður voru birtar í september sl. Í lok þessa árs munu ítarlegri niðurstöður liggja fyrir. Nánari upplýsingar um könnunina má finna á heimasíðu Alþjóðagreiðslubankans, www.bis.org.

Velta á mörkuðum

Veltutölur af mörkuðum gefa hugmynd um dýpt markaða og flæði á þeim. Í könnun Alþjóðagreiðslubankans var virði allra nýrra samninga sem stofnað var til í könnunarmánuðinum talið. Notast er við nafnverð samninga eða höfuðstól og leiðrétt fyrir tvítalningu.

Í töflu 1 er heildarvelta á gjaldeyrismörkuðum borin saman við fyrri kannanir og skipt niður eftir tegundum viðskipta. Í apríl á þessu ári var dagleg velta á gjaldeyrismörkuðum að meðaltali tæplega 1.880 milljarðar Bandaríkjadala¹ og er það aukning um 500 ma. Bandaríkjadala frá því fyrir 3 árum. Aukning nær yfir allar tegundir viðskipta en mest er hún í stundarviðskiptum og framvirkum samningum. Hins vegar ber að hafa í huga að velta á mörkuðum hafði áður dregist saman á milli 1998 og 2001.

Ástæður aukinnar veltu á gjaldeyrismörkuðum eru meðal annars aukin umsvif varnasjóða (hedge funds) og aukin eignastýring almennt. Fjárfestar hafa líka í auknum mæli lítið á gjaldeyri sem fjárfestingu líkt og verðbréf.

Samsetning veltu hefur ekki breyst mikið í síðustu könnunum. Bandaríkjadalur er mótmýnt í helmingi viðskipta en næst koma evra, japanskt jen og breskt pund. Það þarf ekki að koma á óvart að viðskipti á milli Bandaríkjadals og evru eru langfyrirferðarmest en á eftir kemur Bandaríkjadalur:jen. Hlutdeild annarra mynta en þessara stærstu hefur aukist eftir því sem markaðir hafa opnast (eða jafnað sig) í Asíu og Austur-Evrópu.

Mest viðskipti með gjaldmiðla eru í Bretlandi eða 31% af heildarveltu þeirra markaða sem könnunin nær til. Á eftir koma Bandaríkin 19%, Japan 8%, Singapore

1. Gengi íslensku krónunnar 9. nóvember sl. var skráð 67,67 gagnvart Bandaríkjadala. Því jafngilda 1.880 ma. Bandaríkjadala um 127 þúsund milljörðum íslenskra króna. Þess má geta að mest ársvelta á íslenskum gjaldeyrismarkaði var árið 2001 og var hún 1,2 þúsund milljarðar íslenskra króna.

Velta á gjaldeyrismörkuðum
Dagleg meðaltöl í apríl ár hvert¹

<i>Ma. Bandaríkjadala</i>	1989	1992	1995	1998	2001	2004
Stundarviðskipti.....	317	394	494	568	387	621
Framvirkir samningar	27	58	97	128	131	208
Gjaldeyrisskiptasamningar	190	324	546	734	656	944
Metin óvissa	56	44	53	60	26	107
Heildarvelta	590	820	1,190	1,490	1,200	1,880
Heildarvelta á gengi í apríl 2004	650	840	1,120	1,590	1,380	1,880

1. Leiðrétt er fyrir tvítalningu bæði innanlands og milli landa.

5%, Þýskaland 5%, Hong Kong 4% og Ástralía, Sviss og Frakkland með 3% hvert.

Á tilboðsmörkuðum eru viðskipti með óhefðbundnari afurðir, t.d. gengistengdar afleiður, fjölmynta gjaldmiðlaskiptasamninga og vaxtaafleiður. Töluverð aukning er á veltu á tilboðsmörkuðum og hún meira en tvöfaldaðast miðað við fyrra tímabil. Í apríl sl. var dagleg velta talin vera 1.220 ma. Bandaríkjadala. Aukningin kemur fyrst og fremst til vegna aukinnar fjölbreytni afurða fremur en að viðskipti hafi færst frá hefðbundnum gjaldeyrismörkuðum.